

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



Dags eftirlits	25.8.2015	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Fulltrúi UST	
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Helga Vilborg Sigjónsdóttir	Staðsetning	684193,364 421481,264

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsemi verksmiðjunnar er hagað í samræmi við starfsleyfi.

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni og engar athugasemdir voru gerðar. Vakin var athygli á því að æfa á notkun flotgirðingar á fimm ára fresti og ætti skv. því að æfa notkun hennar á árinu 2015. Einnig var vakin athygli á því að komin er tími á endurskoðun starfsleyfis og því óskar stofnunin eftir að rekstraraðili geri grein fyrir hvort einhverjar breytingar hafi orðið á starfsminni sem hugsanlega kalli á endurskoðun starfsleyfisins. Ef stofnunin metur að þörf sé á endurskoðun þess mun stofnunin óska eftir áætlun um að nýta orku vel sbr. grein 1.3.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins þar sem farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu sem gerð var í kjölfar eftirlitsferðar þann 13. nóvember 2014. Engin frávik komu fram í þeirri skýrslu en gerð var athugasemd við að upplýsingar um hraða útblástursloft frá skorsteini lágu ekki fyrir. Í eftirlitsferðinni voru lögð fram gögn frá verkfræðistofu þar sem fram kemur að útreiknaður hraði útblásturslofts sé 21 m/s, sem er innan starfsleyfismarka en grein 2.13 er gerð krafa um að hraði útblásturslofts sé að lágmarki 20 m/s. Engar kvartanir hafa borist vegna starfsminnar frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt

Vinnsla í verksmiðjunni hefur verið nokkuð stöðug það sem ef er ári og unnið hefur verið úr um það bil 21.000 tonnnum af hráefni. Hráefni frá frystihúsi Skinneyjar Þinganes er nú dælt yfir í verksmiðjuna um lagnir sem liggja á botni hafnarinnar.

Fyrirhugað er að skipta út þurrkurum í verksmiðjunni og að taka í notkun nýja þurrkara sem nýta rafmagn betur en núverandi þurrkarar.

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins sem var gefið út þann 10. júní 2010. Fram kom að starfsleyfið hefur ekki verið endurskoðað en í grein 1.6. segir að það skuli endurskoðað á 4 ára fresti í samræmi við kröfur reglugerðar 785/1999.

Fram kom að einn geymir hefur verið fjarlægður úr lekavaraþró og hefur rými hennar aukist eitthvað í kjölfar þess. Útreiknað þróarrými var 76% af rýmd stærsta geymis áður en geymirinn var fjarlægður. Í grein 2.22 segir að lekavaraþró skuli rúma að minnsta kosti 60% af rýmd stærsta geymis

Í eftirlitsferðinni voru í samræmi við grein 2.14 lögð fram gögn sem sýna fram á hvernig ákvæði í greinum 2.10 - 2.13 um undirþrýsting í vinnsluhúsnæði og um hreinsun, leiðir og hraða útblásturslofts eru uppfyllt.

Flotgirðing er til staðar í samræmi við grein 2.24. Notkun hennar á að æfa á 5 ára fresti. Starfsleyfi verksmiðjunnar er 5 ára gamalt er því komin tími á æfingu.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2014 hefur verið skilað til Umhverfisstofnunnar. Í grænu bókhaldi koma m. a. fram þær skráningar sem gerð er krafa um í grein 3.1 í starfsleyfi. Samhliða grænu bókhaldi skilaði fyrirtækið inn yfirlýsingu þess efnis að magn mengandi efna frá starfsstöðinni sé undir þeim mörkum sem tiltekin eru í viðauka II við reglugerð um útstremisbókhald og því þurfi fyrirtækið ekki að skila útstremisbókhaldi vegna ársins 2014

TVN í hráefni er mælt í samræmi við grein 3.2, ekki hefur komið til þess það sem af er ári að TVN mælist yfir starfsleyfismörkum sem eru 120 mg N/100 g. TVN hefur heldur ekki mælst yfir þeim mörkum sem

tilkynna þarf til eftirlitsaðila en þau eru 100 mg N/100 g í samræmi við grein 2.9.

Magn mengandi efna (fitu, svifagana og COD) í fráveituvatni var mælt í mars sl. og niðurstöðum hefur verið skilað. Skv. greinargerð frá verksmiðjunni er magn mengandi efna í frárennsli frá hreinsibúnaði innan þeirra marka sem fram koma í grein 2.18

Að lokum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Verksmiðjan var snyrtilegt og umgengi um verksmiðju og lóð var góð. Hvergi sáust ummerki um mengun sem rekja má til starfseminnar.

ANNAÐ

Minnt er á að notkun flotgirðingar þarf að æfa á fimm ára fresti. Upplýsa þarf Umhverfisstofnun og eftirlitsaðila um æfingar áður en þær fara fram í samræmi við grein 2.24

Minnt er á að starfsleyfi á að endurskoða að jafnaði á 4 ára festi í samræmi við grein 1.6. Stofnunin óskar eftir að rekstraraðili geri grein fyrir hvort breytingar hafi orðið á starfseminni sem hugsanlega kalli á endurskoðun starfsleyfisins. Stofnunin metur í kjölfarið hvort ástæða sé til að endurskoða starsleyfið og kallar þá eftir áætlun um að nýta orku vel sbr. grein 1.3

Reykjavík, 09.09.2015



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.